

Ár 2019, miðvikudaginn 12. júní er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu sambandsins í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni, Evu. B. Helgadóttur og Lúðvík Erni Steinarssyni.

Fyrir er tekið mál nr. 1/2019:

Knattspyrnudeild KR

og

Björgvin Stefánsson

gegn

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi:

### **Dómur.**

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp 6. júní 2019. Knattspyrnudeild KR „hér eftir KR” og Björgvin Stefánsson áfrýjuðu úrskurðinum 9. júní 2019.

Samkvæmt hinum áfrýjaða úrskurði var Björgvin Stefánsson leikmaður úrvalsdeildarliðs KR úrskurðaður í fimm leikja bann í keppnum á vegum KSÍ, og auk þess bannaður frá leikvelli Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði meðan leikbannið varir. Þá var Knattspyrnudeild Hauka gert að greiða sekt að fjárhæð 100.000 kr. til KSÍ.

Áfrýjendur krefjast þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að Björgvini Stefánssyni verði ekki gert að sæta leikbanni í fimm leikjum fyrir KR í keppnum á vegum KSÍ.

Knattspyrnudeild Hauka hefur ekki látið málið til sín taka. Engar kröfur hafa borist frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Samkvæmt grein 6.1.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurðað um mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi, enda fjalli ekki aðrir um þau.

Samkvæmt 21. gr. reglugerðarinnar er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Þessi heimild framkvæmdastjóra KSÍ til að kæra ósæmilega framkomu í tengslum við knattspyrnuleiki á vegum sambandsins nær til hvaða aðila sem er og hvers kyns ósæmilegrar framkomu, enda hafi hinnar ósæmilegu framkomu ekki verið getið í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á viðkomandi leik.

Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ vísaði með bréfi dagsettu 24. maí 2019 til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ ummælum, sem Björgvin Stefánsson leikmaður meistaraflokks KR

viðhafði í vefsjónvarpslýsingu Hauka TV frá leik Hauka og Þróttar Reykjavík í Innkasso-deildinni, sem fram fór á Ásvöllum 23. maí sl. Framkvæmdastjórinn óskaði eftir því að aga- og úrskurðarnefndin tæki málið til skoðunar og ákvarðaði hvort beita ætti viðurlögum samkvæmt 13. og/eða 16. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Þau ummæli sem Björgvin Stefánsson lét falla í umræddri lýsingu um leikmann Þróttar, vegna litarháttar hans voru þessi:

*Þetta er það sem ég er alltaf að segja, það er svo stutt í villimannseðlið hjá svarta manningum.*

Í 16. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál segir undir lið 16.1:

*Hver sá sem misbýður, öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunum eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skóðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt, og stöðu að öðru leyti skal sæta leikbanni í að minnsta kosti 5 leiki og banni frá viðkomandi leikvelli.*

Eins og ákvæði þetta er orðað er ljóst að það nær til allra sem koma á, eða að keppnisleikjum á vegum KSÍ.

Björgvin Stefánsson hafði það hlutverk að lýsa leik Hauka og Þróttar Reykjavík fyrir Hauka. Á Björgvini Stefánssyni, sem hefur leyfi til að leika knattspyrnu í mótum á vegum KSÍ fyrir úrvalsdeildarlið KR, hvílir sérstök og rík skylda varðandi mannsæmandi framkomu í tengslum við leiki á vegum KSÍ og forðast hvers kyns mismunun og ósæmilega framkomu.

Þau ummæli sem Björgvins Stefánssonar lét falla um leikmann Þróttar Reykjavík í vefsjónvarpslýsingunni 23. maí 2019, og vitnað er til hér að framan, fela í sér brot gegn lið 16.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Samkvæmt lið 16.1 er lágmarks refsing hvers þess sem brýtur gegn banni við mismunun fimm leikja bann. Björgvin Stefánsson hefur leyfi til að leika knattspyrnu með KR og taka þátt í leikjum á vegum þess félags í knattspyrnumótum á vegum KSÍ. Bann Björgvins Stefánssonar beinist að honum persónulega. Björgvin Stefánsson er sammingsbundinn KR og verður hann því að taka bann sitt út í leikjum knattspyrnudeildar KR í mótum á vegum KSÍ.

### **Dómsorð**

Björgvin Stefánsson skal sæta leikbanni í fimm leiki í keppnum á vegum Knattspyrnusambands Íslands. Þá sætir Björgvin Stefánsson banni frá leikvelli Hauka að Ásvöllum. Bönn þessi taka gildi við uppkvaðningu dóms þessa.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Eva B. Helgadóttir [sign]

Lúðvík Örn Steinarsson [sign]